

ara útsöluverð þeirra vara, sem mjólkurverðlagsnefnd og kjötverðlagsnefnd ákveða verð á, háð samþykki viðskiptaráðs. 75

Við ákvörðun á útsöluverði skal miðað við verð það til bænda, sem samkomu- lag varð um í landbúnaðarvísitölunefnd, að viðbættum óhjákvæmilegum kostnaði. 10. nóv.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 10. nóvember 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Björn Ólafsson.

L Ö G

76

10. nóv.

um breyting á lögum nr. 18 28. maí 1941, um sandgræðslu og heftingu sandfoks.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

13. gr. laganna orðist svo:

Komist búfénaður inn á sandgræðslusvæði, sem afgirt er með fullgildri og ógallaðri sandgræðslugirðingu, skal sandgræðslustjóri láta merkja það búfé og tilkynna síðan hreppstjóra, en hann tilkynnir það eigendum fénaðarins. Komist sömu skepnur þrásinnis inn á svæðið og verði göllum á girðingu eigi um kennt, getur sandgræðslustjóri krafizt, að viðkomandi hreppstjóri láti lóga skepnunum og komi afurðum þeirra í verð, eftir því sem fært er. Sandgræðslan greiði síðan þann mismun, sem á kann að vanta, að eigandi fái fullt verð. Rísi ágreiningur, skal úr honum skorið með mati tveggja dómkvaddra manna.

Nú á hreppstjóri eða nánustu vandamenn hans hlut að máli, og kveður þá sýslumaður óvilhallan mann í hans stað til þess að framfylgja lögnum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 10. nóvember 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Vilhjálmur Þór.